

Fundardagur: Fimmtudagur 11.09. 2014
Fundartími: Kl. 17:00
Staðsetning: Bæjarstjórasalur.

Gestir fundarins: Haraldur Líndal Haraldsson, Guðlaug Kristjánsdóttir og Rannveig Einarsdóttir

Mættir: Bergur Þorri Benjamínsson, Ágústa Þorvaldsdóttir, Jóna Imsland, Margrét Össurardóttir, Kristjana Jóhannesdóttir og Ásrún Jónsdóttir.

Dagskrá: Umræðupunktur sem voru til hliðsjónar.

1. Hvaða sýn hafa gestir fundarins á málefni fatlaðs fólks fyrir hönd bæjarins?
2. Hvernig getur ráðgjafarráð komið sínum ábendingum til bæjarins þannig að þær komist í framkvæmd eða á áætlun.
3. Aðgengismál
 - a. Lyfta í Ásvallalaug við „keppnislaug“ er einungis „busllaug“.
 - b. Í Suðurbæjarlaug er hurð á milli lauga föst og því ekki hægt að synda úr innilauginni og út í útilaugina.
 - c. Sturtustóll í Suðurbæjarlaug er úr sér genginn.
4. Gott væri að fara yfir okkar reglur og tilmæli sem bærinn hefur sjálfur sett.
 - **GK** lýsti ánægju sinni með að vera boðuð á fundinn. Hún að það væri ánægjulegt að Hafnarfjarðarbær væri með starfandi ráð til leiðsagnar fyrir bæjaryfirvöld um málefni fatlaðs fólks. Það skiptir máli hvernig fólk talar og vinnur saman. Að hlusta eftir hvernig hvað fólk vill og sjá og heyra hvernig hlutir geta best orðið. GK vill sjá aðgengilegan bæ, bæði rafrænt og fysískt, gott aðgengi á heimasíðu og gott aðgengi innan bæjarins bæði að húsnæði og gangstéttum. Hún hrósar aðkomu ÖBÍ að kosningarbaráttunni en samtökin kölluðu eftir stefnumálum framboða. GK sagði að NPA þjónustu verði haldið áfram
 - **RE** sagði mikið hafi verið gert í málaflokknum frá yfirfærslu og margt nýtt sem komið hafi verið á laggirnar í Hafnarfirði, svo sem Vinaskjól og Kletturinn og bæjaryfirvöld tekið vel á í málaflokknum og vilji hafi verið til að gera vel. Svo virðist einnig ætla að verða með nýjum yfirvöldum.
 - **MÖ** segist spyrna sig hve oft hún eigi að sitja á fundum launalaus – hve marga fundi og ekkert gerist. Ráðið hafi komið með margar ábendingar og tillögur en ekkert hafi gerst. Ráðið hafi ítrekað bent á aðgengismál í og við Suðurbæjar- og Ásvallalaugar en ekkert hafi verið lagfært. Við Suðurbæjarlaug séu misfellur í stéttum og einnig eigi fatlaðir erfitt með að komast í laugarnar þar sem lyftubúnaður sé ófullnægjandi. Til hvers er að koma með tillögur og ekkert gerist? MÖ sýnir HLH videomyndir sem hún tók af gangstéttum við Suðurbæjarlaug.
 - **HLH** segir að ábending MÖ verði tekin fyrir á sviðstjórafundi á mánudag. Haraldur óskar eftir að fá fundargerð fyrir sviðstjórafund á mánudag. HLH mun skoða með lyftubúnað í Ásvallalaug svo laugin nýtist fötluðu fólki betur. Hann segir að það sé vilji til að gera vel í málefnum fatlaðs fólks, minnst á sértæk úrræði og að lóð fyrir

Þjónustuíbúðarkjarna við Arnarhraun sé í vinnslu hjá Framkvæmdasviði. Hann segir að fullur hugur sé hjá sér í upphafi vegferðar. Spennandi hugmyndafræði að félagasamtök byggja húsnæði og leigi notendum. Eins og staðan er í dag ætti framlag Jöfnunarsjóðs að sanda undir rekstri, en ef fleiri sveitarfélög fara af stað með uppbyggingu gæti potturinn minnkað. Varðandi búsetukjarna er æskilegast að samstarfssáttmáli sé um að fólk hafi val um sitt, hvar og hvernig það býr.

- **GK** segir mikilvægt að finna starfi Ráðgjafarráðs farveg. Er það sem er á teikniborði hjá bænum í málefnum fatlaðs fólks borið undir ráðið ? Ef samtalið er ekki nógu gott í upphafi vantar upp á að árangur sé í lagi.
 - **JJ** veltir fyrir sé hvernig ráðið geti unnið að hagsmunum fatlaðs fólks. Ráðsmenn þurfa að leita til notenda eftir þeirra óskum, en það hafi vantað upp á það. Ræðir um aðgengi þegar snjór er og snjómokstur á gangstígum.
 - **MÖ** segir að þegar hún skrifaði grein í Fjarðarpóstinn höfðu margir samband við sig vegna þess að fólk vissi ekkert um ráðgjafarráðið. Segir að ráðið þurfi að vera aðgengilegt hinum almenna borgara.
 - **GK** segir tengslanet ráðsins séu hagsmunasamtök notenda. Spyr hvort félagasamtök hafi yfirsýn yfir málefni fatlaðs fólks í Hafnarfirði. Gera yfirlit yfir hvar á að kynna ráði.
 - **KJ** telur að foreldrar fatlaðs fólks, bæði barna og fullorðinna viti ekki af ráðinu.
 - **HLH** óskar eftir lista um hvaða ábendingar ráðgjafarráð hafi komið með vegna aðgengis og hann mun fara með þær á sviðstjórafund. Hann óskar eftir ábendingum um hvaða gönguleiðir þarf að ryðja.
- **BþB** tekur saman í lokin helstu umræður fundarins.

Fundi slitið kl. 17:56

Næsti fundur verður 9. október 2014 kl. 17:00.

Fundarritun: Ásrún Jónsdóttir